

Starfs- og siðareglur nýliðastarfs Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík



1. Nýliðaráð

Nýliðaráð Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík (FBSR) markar stefnu í nýliðastarfi sveitarinnar og skilar tillögum sínum til stjórnar. Ráðið styður við starf nýliðaflokksstjóra og sker úr um vafaatriði sem geta komið upp í nýliðastarfi. Í ráðinu sitja 3-5 félagar í FBSR skipaðir af stjórn auk nýliðaflokksstjóra beggja nýliðaflokka (hvor nýliðaflokkur hefur eitt atkvæði). Fulltrúi stjórnar hefur seturétt á fundum til að tryggja upplýsingastreymi. Nýliðaráð er ráðgefandi fyrir stjórn í nýliðamálum.

Nýliðaráð metur reglulega stöðuna á nýliðapjálfuninni og skulu nýliðaflokksstjórar skila mætingarlistum reglulega til ráðsins. Að sama skapi metur nýliðaráð nýliða af fyrra ári yfir á seinna ár og staðfestir þannig að nýliði hafi lokið því starfi sem nauðsynlegt er til að komast yfir á annað ár. Nýliðaráð tryggir að nýliðaflokksstjórar skrái þátttöku nýliða í gagnagrunn FBSR og að leiðbeinendur skrái þátttöku í gagnagrunn Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar (BSL).

2. Nýliðaflokksstjórar

Æskilegt er að í hverjum hópi nýliðaflokksstjóra sé a.m.k. einn félagi sem hefur starfað í sveitinni í tvö ár eða lengur eftir inngöngu. Stjórn samþykkir og skipar flokksstjóra til tveggja ára í senn eða sem nemur starfstíma hvers nýliðaflokks.

Nýliðakynning er á hverju ári og þar kynna nýliðaráð og flokksstjórar starf komandi vetrar, FBSR og Slysavarnarfélagssins Landsbjargar (SL). Á hverju hausti skal liggja fyrir dagskrá fyrir allan veturinn (2 annir í senn) þar sem fram kemur tímasetning, heiti og áætluð lengd dagskrár. Nýliðar skulu hafa aðgang að þessari dagskrá og upplýsa skal nýliða um að hún sé háð breytingum, til að mynda vegna veðurs og færðar.

Nýliðaflokksstjórar skulu halda utan um mætingu nýliða og tryggja að hún sé skráð í gagnagrunn Björgunarskóla SL (BSL) þegar við á. Leiðbeinendur með leiðbeinendaréttindi frá BSL annast skráningu þeirra sem standast námskeið á námsskrá skólans.

3. Inntökuskilyrði

Til að geta gerst nýliði í FBSR þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Að verða að minnsta kosti 18 ára á þeim degi sem þjálfun byrjar.
- Að hafa hreint og óflekkað mannorð.
- Að vera líkamlega og andlega heilbrigður.
- Að hafa kynnt sér starfsreglur FBSR svo og siðareglur SL.
- Að vilja starfa í anda gilda FBSR sem eru liðsheild, traust og hæfni.

Nýliðapjálfun FBSR fer fram á íslensku og æskilegt er að nýliðar hafi lágmarkskunnáttu á rituðu og töluðu máli. Í sumum námskeiðum eru jafnframt skrifleg próf á íslensku sem verður að standast til að ljúka námskeiðinu.

4. Nýliðabjálfun

Tilgangur nýliðabjálfunar FBSR er að tryggja þjálfara einstaklinga til að vera hæfir til að taka þátt í útköllum í FBSR og SL. Nýliðabjálfun hefst að hausti og lýkur á aðalfundi að vori, tveimur vetrum síðar. Nýliðabjálfun er skipt í tvö þjálfunartímabil: B1 sem er fyrri vetur og B2 sem er seinni vetur. Hvor vetur er tvær annir en þó ein samfelld dagskrá. Nýliðaflokksstjórum er heimilt að taka við nýliðum á fyrra ári í allt að sex vikum eftir að starf hefst.

Á fyrra ári þarf nýliði að ljúka eftirtöldum skyldunámskeiðum til að standast kröfur til Björgunarmanns 1 hjá BSL og skulu þau vera í samræmi við námsskrá og kröfur BSL:

- Ferðamennska (amk 6 klst)
- Rötun (amk 12 klst)
- Verkleg rötun (amk helgi)
- Fyrsta hjálp I (amk 20 klst)
- Fjarskipti I (amk 3 klst)
- Björgunarmaður í aðgerðum (4 klst)
- Öryggi við sjó og vötn (3 klst)
- Snjóflóð 1 (12 klst)
- Fjallamennska 1 (20 klst)
- Leitartækni (helgi)

Í lok fyrsta vetrar eru nýliðar skráðir á útkallsskrá, hafi þeir til þess samþykki nýliðaflokkstjóra sinna. Skilyrði er að nýliðar hafi lokið námskeiðum í leitartækni, fjarskipti, rötun og fyrstu hjálp. Flokksstjóri nýliðahóps skal skila lista til heimastjórnar um hvaða aðilar uppfylla skilyrðin. Gert er ráð fyrir að nýliðar taki þátt í einfaldari útköllum, svo sem innanbæjarleit en heimastjórn og hópstjórar í útköllum taka endanlega ákvörðun um þátttöku nýliða í útkalli. Nýliðaráð og nýliðaflokksstjórar geta afturkallað einstaklingaaf útkallsskrá ef ástundun á seinni vetri þjálfunar er ekki í samræmi við kröfur FBSR.

Eftirtalin skyldunámskeið tilheyra Björgunarmanni 2 og eru þau kennd í samræmi við námsskrá og kröfur BSL. Nýliðar á öðru ári þurfa að ljúka þessum námskeiðum auk Heljarhelgar FBSR.

- Aðkoma að flugslysi (3 tímar)
- Fjallamennska 2 (20 tímar)
- Fyrsta hjálp 2 (20 tímar)
- Straumvatnsbjörgun 1 (20 tímar)
- Fjallabjörgun (20 tímar)
- Óveður og björgun verðmæta (4 tímar)
- Snjóflóð 2 (20 tímar)
- Sprungubjörgun (12 tímar)
- Tetrafjarskipti (4 tímar)
- Heljarhelgin

Komist nýliði ekki á skyldunámskeið er það á hans ábyrgð að ljúka því og nýtur hann til þess aðstoðar flokksstjóra sinna. Hægt er að taka námskeið síðar í nýliðabjálfuninni hjá FBSR, hjá öðrum sveitum eða sækja það til BSL en þá á kostnað nýliðans. Nýliðaflokksstjóri getur í samstarfi við nýliðaráð veitt undanþágu frá mætingu í skyldunámskeið liggi haldbærar skýringar fyrir. Dæmi um það gæti verið að viðkomandi hafi marktæka reynslu af starfi úr öðrum björgunarsveitum. Ef nýliði þarf að taka þriðja árið þá skal hann óska eftir því við nýliðaráð og starfa með B2 undir umsjón og eftirliti flokksstjóra B2.

Þegar nýliði hefur lokið námskeiðum áður en þjálfun hófst, eða situr námskeið utan Björgunarskólans á þjálfunartímabilinu, er heimilt að meta þau námskeið í stað skyldunáms samkvæmt nýliðareglugerð.

- Ef um er að ræða námskeið á vegum Björgunarskólans skal viðkomandi nýliði sækja námsferil á skoli.landsbjorg.is, undir Réttindi - Ferilskrá. Ferilskrána skal svo senda á nylidarad@fbsr.is og er erindið þá tekið fyrir af nýliðaráði sveitarinnar.
- Ef um er að ræða námskeið utan Björgunarskólans skal viðkomandi nýliði senda erindi á skoli@landsbjorg.is. Í pósti til Björgunarskólans skal framvísa staðfestingu á því hvaða áföngum viðkomandi hefur lokið (t.d. prófskírteini), ásamt námskeiðslýsingu og/eða hlekk fyrir frekari upplýsingar. Sviðsstjórar Björgunarskólans meta svo hvort námskeið standist kröfur skólans. Svar Björgunarskólans skal áframsent á nylidarad@fbsr.is og er erindið þá tekið fyrir af nýliðaráði sveitarinnar.

Þó skyldunámskeið fáist metin er gerð krafa um a.m.k. 80% mætingu. Metin námskeið eru skráð sem mæting. Til að fá undanþágu frá reglu um mætingarhlutfall skal liggja fyrir mjög góður rökstuðningur.

5. Kostnaður

FBSR áskilur sér rétt til að innheimta hófleg efnisgjöld af nýliðum, samkvæmt ákvörðun stjórnar FBSR. Skal gjaldið greitt í upphafi nýliðastarfsins. Efnisgjöldin standa straum af kostnaði vegna námsbóka, búnaðarleigu og mögulegrar gistingar.

Nýliðar þurfa sjálfir að útvega sér allan persónulegan búnað en FBSR lánar nýliðum búnað eftir föngum á meðan nýliðar eru að koma sér upp eigin búnaði. Á hverju hausti afhenda nýliðaflokksstjórar nýliðum búnaðarlista þar sem fram kemur hvaða búnað þeir þurfa að nota í dagskrá komandi vetrar. Á listanum skal koma fram hvað nýliðar þurfa að eignast sjálfir og hvað FBSR mun leitast við að útvega í starfið.

Nýliðar hafa til afnota SL fatnað, merktur sveitinni. Á fyrra ári má nota fatnað í fjáröflunum og frá því að nýliðar komast á útkallsskrá má auk þess nota hann í útköllum. Merktan fatnað má aldrei nota þannig að hann rýri ímynd SL eða FBSR á nokkurn hátt. Um merktan fatnað gilda að öðru leiti þær reglur sem koma fram í reglum um [Umbunarkerfi FBSR](#).

5. Ástundun

Krafist er 100% mætingar á skyldunámskeið og að jafnaði 80% mætingar á hvort þjálfunartímabil fyrir sig (B1 og B2) skv. samræmdu skráningarkerfi nýliðaráðs. Frávik frá þessu eru háð samþykki nýliðaráðs (og að endingu stjórnar FBSR). Sumum námskeiðum lýkur með prófi þar sem tekið er tillit til bæði bóklegrar og verklegrar færni. Öðrum námskeiðum lýkur með námsmati leiðbeinanda. Standast þarf þessar kröfur. Nýliði fær tækifæri til að endurtaka próf samkvæmt reglum Björgunarskóla SL.

Á hvoru ári er ætlast til að nýliðar taki þátt í fjáröflunum sem nemur a.m.k. 35 klst. en til fjáraflana teljast flugeldasala, jólatrjáasala, sala á Neyðarkalli, gæsla auk annarra fjáraflana.

Samræmt skráningarkerfi

Útreikningur á mætingu er á ábyrgð nýliðapjálfa og skal hver æfing á vegum nýliðapjálfunar FBSR telja þannig:

Æfingakvöld á virkum degi = 1 punktur

Æfingaferð á föstudegi (farið eftir vinnu) = 1 punktur

Æfingaferð á laugardegi = 2 punktar

Æfingaferð á sunnudegi = 2 punktar

Punktafjöldi æfingaferða skal deilt með mætingu nýliða og þannig fengið út hlutfall sem skal ekki vera lægra en 80% á hvoru þjálfunartímabili fyrir sig.

6. Brottvísanir

Standist nýliði ekki kröfur til dæmis varðandi mætingu og þekkingu eða fellur að mati nýliðaráðs ekki inn í starfið, er heimilt að vísa honum úr nýliðaþjálfun. Áður en slíkt er gert skal nýliði hafa hlotið áminningu og fengið tækifæri til að bæta sig.

Nýliðaflokksstjórar hafa heimild til brottvísunar í samráði við nýliðaráð. Brottvísun skal vera rökstudd og tilkynnast til stjórnar. Sé nýliði ósáttur við brottvísun getur hann skotið máli sínu til stjórnar. Nýliðaflokksstjórar hafa einnig heimild til að benda nýliða á að hann standist ekki kröfur til inngöngu en honum sé heimilt að taka þjálfunina á lengri tíma en tveimur árum.

7. Nýliðaþróf

Fyrir inntöku á aðalfundi skal haldið verklegt próf (heljarhelgin). Ef nýliði getur ekki mætt í verklega prófið vegna óviðráðanlegra aðstæðna (t.d. veikindi eða fráfall náins ættingja) þá getur viðkomandi óskað eftir undanþágu við nýliðaflokksstjóra, sem taka ákvörðun í samráði við nýliðaráð.

8. Inntaka nýrra félaga

Nýliðaflokksstjórar skulu a.m.k. fjórum vikum fyrir aðalfund skila inn lista til nýliðaráði yfir nýliða sem teljast hafa lokið tilskilinni þjálfun. Nýliðaráð skilar inn lista til stjórnar tveimur vikum fyrir aðalfund. Samkvæmt lögum FBSR skal nýliðaþjálfari og stjórn FBSR mæla með inngöngu nýrra félaga og fer inntaka þeirra fram á aðalfundi FBSR.

Inngönguskilyrði inn í FBSR eru samkvæmt lögum FBSR þau að nýliði hafi lokið tilskilinni nýliðaþjálfun (B1 og B2) með góðum árangri og hafi hlotið meðmæli nýliðaráðs og samþykki stjórnar FBSR.

9. Tryggingar

Allir nýliðar eru líf- og slysatryggðir í störfum sínum með FBSR eins og gildir um fullgilda félaga. Sjá má upplýsingar um skilmála trygginga hverju sinni á vefsíðu SL. Mælt er til að nýliðar séu einnig vel meðvitaðir um sínar persónulegu tryggingar. Nýliðar skulu skrá sig í viðburði í D4H...

10. Stjórnun

Nýliðaflokksstjóri er stjórnandi nýliða. Sé flokksstjóri ekki til staðar skal hann skipa staðgengil í sinn stað og gera nýliðum ljóst hver sá aðili er. Á námskeiðum eru leiðbeinendur staðgenglar nýliðaflokksstjóra. Nýliða ber að hlýða flokksstjóra og staðgenglum þeirra í hvívetna.

Aðstæður sem unnið er við í nýliðastarfi FBSR geta reynt á hugrekki, þrek og þolgæði nýliða. Í starfi sveitarinnar er oft unnið í flóknum aðstæðum sem geta krafist skjótrar ákvarðanatöku. Undir slíkum kringumstæðum þarf að treysta á dómgreind nýliðaflokksstjóra og leiðbeinenda umfram annað.

Fyrirmælum frá stjórnendum sem fela í sér niðurlægingu, hættu eða annað sem nýliði metur ekki við hæfi þarf nýliði ekki að hlýða. Upplifi nýliði á starfstíma sínum aðstæður sem honum finnast óþægilegar, niðurlægjandi eða slæmar á einhvern hátt ber honum að bera það upp við flokksstjóra og/eða nýliðaráð. Nýliði getur einnig beint slíkum málum beint til stjórnar FBSR, trúnaðarmanna FBSR, siðanefndar FBSR eða siðanefndar SL.

Samþykkt á fundi nýliðaráðs 24.09.2024

Samþykkt á fundi stjórnar 24.10.2024